

# Lestrarnám á elsta stigi

Á efsta stigi eru nemendur hvattir til að lesa áfram sér til gagns og ánægju. Eina eða tvær skáldsögur eiga nemendur að lesa heima og skrifa ritgerð um, auk þess að lesa eina fornsögu og eina nútíma-skáld-sögu sem verkefni eru unnin úr í skólanum. Samfélagsfræði og aðrar námsgreinar byggjast mikið upp á lesnu efni og eiga nemendur að lesa allt það efni sér til fróðleiks auk þess að leita upplýsinga og heimilda á netinu.

Alltaf er rætt um mikilvægi lesturs og nemendur hvattir til að lesa annað efni sem þeir hafi sjálfir áhuga á að kynna sér eða lesa sér til gamans.

Eigi einhverjir nemendur enn í erfiðleikum með lestrarfærnina skulu þeir hvattir til að lesa enn meira og fá ráðgjöf hjá sérfræðingum hvernig best er að mæta þeirra þörfum og bæta færni þeirra.

# Læsisstefna Laugalandsskóla

## Markmið:


- að móta jákvæð viðhorf barna og unglinga til lestrar.
- að efla orðaforða og málskilning nemenda.
- að efla máltjáningu og frásagnarhæfni nemenda.
- að efla hljóðkerfisvitund og hlustun nemenda.
- að nemendur móti sér sjálfstæða skoðun og komi henni frá sér á skýran hátt.
- að allir nemendur geti lesið sér til gagns og skemmtunar.
- að nemendur kunni að leita sér upplýsinga og meta hvort þær eru



Laugalandsskóli

# Lestrar- stefna elsta stigs

## 9.-10. bekkur



## 9. bekkur

Markmið	Leiðir	Mat	Viðmið
Að nemandi lesi að minnsta kosti 300 aktkvæði á mínútu.	Nemendur eru hvattir til lestrar, bæði upphátt og í hljóði sér og öðrum til ánægju.	<b><u>Hraðlestrarpróf ætluð 9. bekk</u></b> sept. des, maí	Að nemandi lesi að minnsta kosti 300 aktkvæði á mínútu.
Að nemandi geti lesið almenna texta af öryggi og með góðum skilningi, lagt mat á þá og túlkað.	Nemendur lesa reglulega upphátt í skólanum, bæði eigin texta og annarra. Nemendur segja reglulega frá með eigin orðum.  Nemendur vinna mismunandi verkefni þar sem áhersla er lögð á lestur og lesskilning.	<b><u>Framsagnarpróf ætlað 9. bekk</u></b> desember og maí. <b><u>Lesskilningspróf ætlað 9. bekk</u></b> desember og maí  <b><u>Lesskimunarpróf</u></b> lagt fyrir alla í 9. bekk af kennsluráðgjafa til að greina vanda ef hann er til staðar.	Að nemandi lesi skýrt og hafi góðan framburð og þekkingu á notkun greinamerkja við upplestur.  Að nemandi geti tekið aðalatriði út úr texta og lesið á milli línanna þá merkingu sem ekki er sögð beinum orðum.
Að nemandi geti skrifað skýrt og greinilega og beitt ritvinnslu af öryggi.	Unnið er með mismunandi ritunartexta, s.s. smásögur, kjörbókarritgerðir, heimildaritgerðir o.s.frv.	Símat og leiðsögn kennara.	Að nemandi vandi ávallt stafagerð og frágang á verkefnum sínum.
Að nemandi geti beitt reglum um réttritun og hafi gott vald á stafsetningu.	Nemendur eru stöðugt hvattir til að vera meðvitaðir um stafsetningu auk þess sem unnið er með hana sér.	Reglulega eru lögð fyrir sérstök stafsetningarpróf auk þess sem stafsetning er metin í ritunarverkefnum.  Samræmt próf er lagt fyrir alla nemendur í 9. bekk að vori.	Að nemandi geti skrifað villulausan texta og kunni að leita sér upplýsinga ef hann er ekki viss um ritun orðs.

## 10. bekkur

Markmið	Leiðir	Mat	Viðmið
Að nemandi lesi að minnsta kosti 300 aktkvæði á mínútu.	Nemendur eru hvattir til lestrar, bæði upphátt og í hljóði sér og öðrum til ánægju.	<b><u>Hraðlestrarpróf ætluð 10. bekk</u></b> sept. des, maí	Að nemandi lesi að minnsta kosti 300 aktkvæði á mínútu.
Að nemandi geti lesið almenna texta af öryggi og með góðum skilningi, lagt mat á þá og túlkað.	Nemendur lesa reglulega upphátt í skólanum, bæði eigin texta og annarra.  Mismunandi efni lesið bæði heima og í skóla. Unnið með það á margvíslegan hátt.	<b><u>Framsagnarpróf ætlað 10. bekk</u></b> desember og maí. <b><u>Lesskilningspróf ætlað 9. bekk</u></b> desember og maí  <b><u>Lesskimunarpróf</u></b> lagt fyrir alla í 6. bekk af kennsluráðgjafa til að greina vanda ef hann er til staðar.	Að nemandi lesi skýrt og hafi góðan framburð og þekkingu á notkun greinamerkja við upplestur.  Að nemandi geti tekið aðalatriði út úr texta og lesið á milli línanna þá merkingu sem ekki er sögð beinum orðum.
Að nemandi geti skrifað skýrt og greinilega og beitt ritvinnslu af öryggi.	Unnið er með mismunandi ritunartexta, s.s. smásögur, kjörbókarritgerðir, heimildaritgerðir o.s.frv.	Símat og leiðsögn kennara.	Að nemandi vandi ávallt stafagerð og frágang á verkefnum sínum.
Að nemandi geti beitt reglum um réttritun og hafi gott vald á stafsetningu.	Nemendur eru stöðugt hvattir til að vera meðvitaðir um stafsetningu auk þess sem unnið er með hana sér.	Reglulega eru lögð fyrir sérstök stafsetningarpróf auk þess sem stafsetning er metin í ritunarverkefnum.	Að nemandi geti skrifað villulausan texta og kunni að leita sér upplýsinga ef hann er ekki viss um ritun orðs.